

12. fundur skólanefndar

Mættir:	Finnur Beck, Jóhann Ísak Pétursson fulltrúi kennara, Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Þóra Elfa Björnsson, Ólafur Þór Gunnarsson og Andrés Pétursson
Forfallaðir:	Flosi Eiríksson boðaði forföll og sat Ólafur Þór Gunnarsson fundinn í hans stað. Arnar Ingólfsson afboðaði einnig vegna veikinda. Þar að auki hefur Alda Breiðfjörð fulltrúi foreldrar sagt sig úr stjórninni af persónulegum ástæðum. Guðrún Möller hefur tekið hennar sæti en hún var lasin.
Staður:	Þjónarými
Tími:	Kl. 12:00-13:30 <u>Dags.: 27. apríl 2015</u>

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Finnur Beck, sem stýrði fundi í fjarveru formanns, bauð fundarmenn velkomna. Í upphafi fundar var stjórnarmönnum boðið að snæða hjá 2. bekk í matreiðslu og framreiðslu	FB	
1.	Ársreikningur MK 2014	MF	35 mín.

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Skólameistari fór yfir Ársreikning MK frá Fjársýslu ríkisins sem stjórnarmenn höfðu fengið sendan í tölvupósti fyrir fundinn. Umræða um ársreikninginn. Sambærilegar tölur og lagðar voru fram í rekstrarreikningi á síðasta fundi. Tapið var reyndar 14 milljónir en gert var ráð fyrir 35 milljón króna tapi í áætlun. Halli hefur verið á rekstri skólans undanfarin fjögur ár en skólinn hefur getað mætt því af uppsöfnuðum tekjum fyrri ára. Skólanefnd ítrekar að ekki verður lengur við svo búið og leiðrétt verður fjárveitingar til skólans.		
2.	Skólagjöld 2015	MF	10 mín.
	Skólameistari lagði fram tillögu að skólagjöldum í skólann fyrir haustið 2015. Gert er ráð fyrir óbreyttri gjaldskrá í dagskólann en vegna kjarasamninga kennara þarf að hækka gjöld í kvöldskólann um 10%. Umræða um fjármál skólans og ítrekar skólanefndin fyrri skoðun að ríkisvaldi þurfi að leiðrétt fjárveitingar til skólans. Skólanefnd samþykkir tillögu skólameistara.		
3.	Kennararáðningar		30 mín.
	Skólameistari sagði frá ráðningu í stöðu efnafræðikennara við skólann frá og með næsta hausti.		
4.	Önnur mál		5 mín.
a	Andrés ræddi um heimasíðu skólans og hvort ekki væri hægt að gera hana meira aðlaðandi fyrir hugsanlega nýnema. Hann hefur heyrt gagnrýni að þunglamalegt útlit og gamaldags orðalag væri fráhrindandi a.m.k. fyrir sumar nemendur. Umræða um málið.		
	Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30	FE	

Andrés Pétursson

ritaði fundargerð

Uppfært þriðjudagur, 19 apríl 2016 18:47